

REGLUGERÐ

79

15. maí

um viðauka við reglugerð nr. 49 3. marz 1945, um skömmtn á erlendu smjöri.

1. gr.

Auk þeirrar skömmtnar á erlendu smjöri, sem áður hefur verið ákveðin, skal afhenda hverjum manni innkaupaheimild fyrir ½ kílógrammi af smjöri fyrir tímabilið 16. maí til 30. júní 1946, og eiga við um hana allar sömu reglur og aðrar innkaupaheimildir, sem gefnar hafa verið út í þessu skyni.

Innkaupaheimildin fellur úr gildi 30. júní n. k.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, sbr. lög nr. 59 7. maí 1940.

Viðskiptamálaráðuneytið, 15. maí 1946.

Pétur Magnússon.

Jón Guðmundsson.

REGLUGERÐ

80

17. maí

um breytingu á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um ferjur,
nr. 2 4. janúar 1923.

18. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Upphæð ferjutolls skal vera:

Á Holtastöðum:

a. Fyrir mann	kr. 2.00
b. Fyrir mann á helgum dögum	— 3.00
c. Fyrir hestburð	— 1.00
d. Fyrir sauðkind	— 0.25

Á Eyjólfssstöðum:

a. Fyrir mann	kr. 1.50
b. Fyrir mann á helgum dögum	— 2.00
c. Fyrir hestburð	— 0.50
d. Fyrir sauðkind	— 0.25

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, sbr. 31. gr. vegalaga, nr. 101 19. júní 1933, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. maí 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.